RÆÐUR

haldnar við útför skólapilts

FRIÐRIKS BJARNASONAR THORARENSEN.

Útgefnar

á kostnað ættingjanna.


LANDSBÓKASAFN

Reykjavík

Prentaðar í prentsmiðju landsins af Helga prentara Helgasyni,

1848.



I.

HÚSKVEÐJA

haldin í Reykjavíkurskóla þann 24. Febr. 1847.

af

Skólakennara **Birni Gunnlaugssyni.**

Nú er aptur — eins og vèr allir vitum — einn af bræðrunum — einn elskaður lærisveinn, Friðrik Bjarnason Thórarensen, burtnuminn frá samveru vorri. Það er eðlilegt, að oss finnist það sorglegt, að dauðinn skuli þannig burthrifsa einn eptir annan af skólans elskuðu lærisveinum. Það er von vèr sjáum eptir þeim góðu, er með dygðugu líferni sýnt hafa, að þeir voru góð mannsefni, að þeir voru efni í góða verkamenn í guðs víngarði. Það er eðlilegt, að vèr söknum elskaðra vina, þegar þeir burt kallast frá oss. En þenna söknuð mildar sú kristna trú, eins og hvað annað, sem amar að mannsins hjarta. Eða er það ekki eitt aðalatriði kristilegrar trúar, að guð sè mannanna faðir? og að hans föðurgæðska láti sig því fremur í ljósi, eða verði því sjáanlegri, sem börnin eru betri. Þegar nú hann er faðir, skyldi þá nokkur láta sèr það mislíka, þó faðirinn kalli barnið sitt til sín? þessi

kristilega hugsan er svo rík, að hún innibindur í sèr allt, sem huggað getur; allt, sem getur sætt oss við burtköllunina. Eða mundi nokkur þora að segja við barnið, eða vilja segja við það: vertu hjá oss leingur, oss til yndis, ánægju, gleði og uppbyggíngar! mundi nokkur vilja segja: vertu! þegar faðirinn í himninum segir, komdu! Og hvilíkur er þá sá faðir, sem hèr hefur kallað? það er sá faðir, af hverjjum allt faðerni er bæði á himni og á jörðu. Það er sá faðir, sem er föðurkærleikans höfundur, föðurkærleikans skapari, sá faðir sem sjálfur elskar oss í vorum feðrum; sem sjálfur er hið elskanda afl í sinni inndælustu fegurð — í einu orði: guð er kærleikurinn. Mundi þá sá faðir ekki elska, er föðurkærleikann plantað hefur? Nú kennir trú vor, að þessi föðurkærleiki hins himneska föðurs láti sig því betur í ljósi, sem börnin eru betri. Þó er það ekki þannig að skilja, að það sè nokkurskonar verðskuldan frá barnsins síðu, eða að barnið verði fyrri til, eða elski að fyrra bragði; því það er eitt af því, sem skilur nýa testamentið frá gamla testamentinu, eða þá kristnu trú frá gyðínga trúnni, að sú kristna trú kennir, að allur kærleiki guðs sè náð, en eingin verðskuldan, að maðurinn hafi ekkert, nema það, sem hann hefur þegið; að það sè sjálfur andi guðs, sem verkar allt hið góða í manninum, og að andinn útbýti náðargáfunum eins og hann vill. Það er því guðsverðugleikinn, en ekki mannsverðugleikinn, sem kallar eptir vegsemd af guði og mönnum. En hvernig var þá þetta barn á sig komið, er vèr hèr um tölum? hvernig hefur himnafaðirinn útbúið það? allir í þessu húsi munu vera einnar meiníngar um, að það hafi verið sannarlegt guðs barn, í þeim háleita skilníngi, sem ritníngin kallar guðs börn. Það bar mörg merki þess, að guð hafði

útvalið það til að verða prýðilegt musteri heilags anda. Hèr skein hógværðin, og auðmýktin eða lítilætið; hèr skein blíðlyndið og lyst til að vera meðbræðrum sýnum til gleði. Hann sýndi líka í öllu staðfasta yðni og laungun til að verja vel því pundi, er guð hafði lánað honum. En hvað vil jeg fara að telja fleira af þessu? það er nóg að vèr vitum að guðs andi leiddi þetta barn, og að þeir sem guðs andi leiðir, þeir eru guðs börn. En er þá ekki gleðilegt til þess að hugsa, að þetta barn er komið til föður síns, og hefur feingið föðurlegar viðtektir? það er komið í þann skólann, hvar guðs barna menntunin fullkomnast. Það er því sannmæli, sem grafið er á skjöld þessarar kistu: „dauðinn er sannarlegur sigur". Njóttu þá, góða barn! þeirra föðurlegu viðtekta, sem þú hefur nú feingið hjá þínum rètta föður — hjá þínum einasta föður, því allir aðrir feður eru ekkert annað enn lítilsháttar glampar af þínum himneska föður. Þú ert líka þángað komið, hvar þinn bróðir er; það er sá bróðirinn hjá hverjum allir aðrir góðir bræður eru sem skuggar mót líkama þeim sem skyggir; það er sá bróðirinn, sem heitir Jesús Nú gefur trú vor oss það fyrirheit, að vinirnir og bræðurnir skuli aptur finnast, og að þann fund skuli einginn skilnaður slíta. Ó að vèr, sem hèr syrgjandi eptir stöndum, gætum fyrir guðs náð gjört oss verðuga, eða rèttara sagt, hæfilega til að fá síðan komizt í það tignarlega fèlag, hvar hinn mikli faðir, mikli bróðir og þetta góða barn, já öll góðu börnin eru saman komin og munu saman koma.

Látum oss aldrei gleyma þessari háleitu von, að vèr eigum þar allir að finnast, hver á sínum tíma; því sú von uppörfar oss til að verja vel voru pundi, eins og þessi framliðni gjörði, hvort það er

mikið eða litið. En þú himneski faðir! sem til þín kallar börnin þín, þegar þinni alspeki þóknast; blessa þú þetta bræðrafèlag, og leiddu það á þínum vegum til þinnar dýrðar! Látum oss nú góðir bræður hèðan úr húsi þessu fylgja kistu þeirri, er geymir hinar jarðnesku leifar þessa elskuverða úngmennis, hvert vèr nú hjartanlega kveðjum í seinasta sinni. Látum oss fyrst fylgja líkinu þángað, hvar trúarinnar orð enn fremur heyrast oss til huggunar og uppbyggíngar. Sýngjum nú það vers, er sameginleg tilfinníng bræðranna þar til velur, og sem að enda skal þessi mín fáu orð.

II.

LÍKRÆÐA

flutt í Reykjavíkur Dómkirkju

af

Dómkirkjupresti **Ásmundi Johnsen.**

Alt sem guð gjörir er vísdómsfullt og gott. Hve áríðandi það sè að hinn kristni geti þetta sagt, að hann af sannfæríngu, af innsta hjartans grunni segi það, aðþað sè sá sterki stafur, sem hann styður sig við, það mikla bjarg við hvert hann hvílir huga sinn, það finnum vèr efalaust allir og játum sem hèr samansafnaðir erum í kríngum þessar líkbörur. Því með hryggum hjörtum erum vèr híngað komnir til að flytja jarðneskar leifar úngmennis nokkurs, er dauðinn hèðan hreif á bezta æskuskeiði, til hans síðasta hvíldarstaðár; rennum sorgmæddir huga vorum til grafar þeirrar, sem bráðum innilykja mun hans andvana líkama, og mundum hvergi huggun finna fyrir oss og þá, sem við þetta fráfall næst er höggið, ef hún ekki væri veitt oss hèr að ofan, ef vor trú ekki veitti oss hana. Já þegar sár ástvina missir særir hjarta vort, þá mun öll mannleg speki, allar skynseminnar fortölur, öll jarðnesk huggunarmeðöl, fánýt reynast, ekki fá huggað hið sorgmædda

hjartað, ekki þerrað tárin af augum oss, ekki sefað þann harm, er innra býr, heldur láta oss jafnvel enn fremur finna til þess, hve vanmáttugir vèr erum og sjálfum oss ónógir. En sú trú: alt hvað guð gjörir er vísdómsfullt og gott, hún hjálpar oss ekki einúngis til þess í auðmykt að þegja, heldur líka í trú öruggri að upphefja höfuð vor, hún sendir birtu í þá sálu, er áður var hulin sorgardimmu, hún hughressir það hugskot, er áður var af sorg sundurkramið, hún græðir hjartans sár og breitir líksaung í helgan einglahljóm, er veitir þeim sorgmædda forsmekk eilífrar gleði.

Maður á bezta aldri er hèr til hvíldar geinginn. Við byrjun þessa árs vórum vèr samansafnaðir í þeim sömu híbýlum hvaðan vèr nú komum, fylgðum þaðan líki úngmennis til ens síðasta hvíldarstaðar; og sjá, vart mánuður er síðan liðinn og dauðinn hefur aptur brugðið þar sínu bitra sverði, og einn af þeim, sem þá heill og hraustur fylgði líki fèlaga síns örendu til grafar, liggur nú kaldur nár innan þessara fjala. Ó, þegar hart næturfrost lætur þau úngu blóm, sem vorilurinn framleiðt hafði úr jarðarinnar skauti, lúta höfðum, þegar stormurinn rífur upp með rótum þá úngu eik, sem stóð í bezta blóma, þá lítum vèr með hrigð til þessara sorglegu atburða. En hversu miklu fremur munum vèr þó ekki gjöra það, þegar vèr sjáum fagurt æsku líf skyndilega að útkulna, æskunnar fagra yfirlit að fölna, ljós augnanna að slokkna, og þann, sem nýlega stóð í bezta blóma, að hníga í dauðans djúp. Með sárri hrigð stöndum vèr við slíks manns gröf, og varir vorar titra er þær mæla: líf mannsins er sem grasið, eins og blómstrið á vellinum blómgast hann; þegar vindurinn fer þar yfir, er það ei framar til, og þess staður sjest ei meir. Og er sálin þá sorg-

mædd spyr: var þá á jörðu ekkert rúm handa lífi þessu? gat það ekki á jörðu vöxt og viðgáng feingið? því flýr maðurinn á burt sem skuggi? því kemur dauðans nótt yfir hann strax að morgni hans lífs? því sendir drottinn dauðans eingil til að slökkva ljós lífsins, þegar það logar sem glaðast? Ó, ef vèr einúngis höldum oss við hið sýnilega, svo fáum vèr uppá allt þetta eingu svarað. En trú hins kristna hrópar: allt hvað guð gjörir er vísdómsfullt og gott.

Maður á bezta aldri er hèr til hvíldar geinginn, enn sem líka var efnilegt, gott manns efni. Fræðarar, vinir og vandamenn bera honum það vitni, prýða leiði hans þessum orðstýr, og fegurri minnisvarði verður ei settur á gröf nokkurs manns, því á jörðu og himni er ekkert dýrmætara enn fagur fjársjóður sannra mannkosta. Ráðvandur og siðprúður í allri sinni hegðan, stiltur og hæglátur, fetaði hann sitt æfiskeið, varði vel því pundi, drottinn hafði honum í hendur feingið. Fleiri pund hafði að vísu máske margur af drottni þegið, en á reikníngskapardeginum mun ei svo mjög spurt að því, hvað mörg pundin vóru, eins og að hinu, með hvað mikilli rentu þeim hafi aptur skilað verið; því með rentu vill sá mikli hússfaðir fá það pund, er hann hèr hverjum ljenti. Og að vor framliðni hafi þessa gætt, það þori eg að vitna til allra þeirra, sem hann rètt þekktu; þar um vitnaði ekki einúngis það, hversu afhaldinn hann var af öllum þeim, er mestu áttu við hann að skipta, heldur líka það, hversu lángt hann kominn var í þeirri menntun er honum bar að nema. Svo að eptir sem mönnum frekast var unnt um að dæma, af því sem undan var geingið, var líklegt að hann með framtíð mundi hafa orðið föðurlandinu til liðs, sèr og sínum til sóma.

Næg orsök er þá hèr til harms, ekki einúngis

fyrir þá, úr hverra hópi hann er horfinn, fyrir þá sem honum vóru sárast festir, heldur fyrir alla, sem kristilega eru sinnaðir. Harmur sæmir, þegar slíkt viðber, mannlegri tilfinníngu, en því meigum vèr ekki gleyma: að alt. hvað guð gjörir er vísdómsfullt og gott. Spyrjum ekki, hvers vegna drottni hafi þetta þóknast? lútum trúaröruggir í auðmýkt föðurnum á himnum, sem einnig þá gjörir vel til barna sinna, er þau ekki skilja það. Trúin er örugg eptirvæntíng þeirra hluta, sem maður vonar, sannfæríng um það, sem hann ekki sjer. Það er einúngis trúin á æðri speki, á föðurlegri elsku, á náðarríkri, vísdómsfullri stjórnan vorra kjara, sem veitir sálunni huggun og ró, það er einúngis rósöm, trúarörugg undirgefni undir guðs heilaga vilja, er veitir manninum styrk til að standa upprèttum í slíkum lífsins mæðutilfellum. Ó, hversu miklu höfðu þeir, sem honum stóðu næst, kostað til hans menníngar? en því er ekki heldur til einkis eydt, á þessari jörðu mun þess ávaxta að vísu ekki gæta, en annars heims mun það bera dýrðleg blóm. Hversu dyggilega var allt gjört sem varð til að viðhalda lífi hans? en leingur enn þetta átti það ei að vara; hin eilífa elskan hafði ritað alla daga hans í bók sína, og þeir vóru nú á enda, þess vegna varð líka guðs náðarríka, en óransakanlega ráðs ályktan á honum að uppfyllast. Eða hafði ekki hönd drottins myndað hann? hafði ekki sá alvaldi veitt honum hans jarðneska eðli? hafði hann ekki þar felast látið vísir hans bráðu burtköllunar? og er það þá ekki drottinn sem nú hefur hann hèðan kallað. Já, sá framliðni heyrði til þessarar raddar. Filg mèr, sagði sá friðarboði, sem drottinn til hans sendi, þínu verki á jörðu er lokið, frelsi skaltu fá frá öllu, sem þig þar þjáði, frá öllu heimsins ytra og innra böli; yfirgef þann stað, hvar

þú híngað til dvalið hefur, eg mun innleiða þig í fögnuð þins herra; far úr forgarði vísindanna, eg mun leiða þig þángað, hvar brunnur vitskunnar er, og hvar þú ásamt öllum hreinhjörtuðum munt fá guð að sjá!

Þessari raustu hefur hann gegnt, og er inngeinginn til ljóssins og friðarins fögru heimkynna. Þar krýpur hann nú fyrir hásæti ens eilífa og undrandi játar: alt það þú gjörir er vísdómsfullt og gott! Umskipti tímans og eilífðarinnar var fyrir hann ávinníngur, því laus við allt jarðneskt böl er hann nú sæll í föðurhúsunum á himnum. Þar minnist hann með þakklæti þess kærleika, er foreldrar hans og þeir, sem honum í foreldra stað geingu, auðsýndu honum, prísar guð þar fyrir, og biður hann að hugga og hressa þeirra hrelda sinni. Þar hugsar hann til þeirra diggu vina, sem sykruðu honum hans hèrveru á jörðu, kvöld hans æfi, blessar þá og hrópar til þeirra: kappkostið að reynast guði trúir til æfiloka, svo vèr í friði fáum aptur að hittast! þar bíður hánn í sælufullri sambúð þeirra ástkæru, sem á undan honum hèðan farnir vóru, þess tíma, er alla ástvini aptur í kjærleika sameina mun.

Og sofðu nú vært, sæla úngmenni, í þeim kyrrláta reit, hvert vèr nú flytja munum þitt andvana lík. Skjótt var dagsverki þínu hèr lokið, kvöld þíns lífs komið, verði hvíldin þèr vær, svefn þinn sætur! óspilt var hjarta þitt af holdsins og heimsins tálsnörum, þitt æskulíf heiðarlegt. Það dupt er lètt sem hylur helgra bein! þinn sæli andi fagni þarfyrir nú því æðra lífi, til hvers hann er inngeinginn, og voni glaður á síðan að fá aptur að sjá alla ástkæra, og prísi guð fyrir það að hann hefur þig endurfæðt til eilífs, sælufulls lífs.

En virðstu líka, heilagi faðir, með þinni náð að vera þeim nálægur, sem við þetta fráfall harma missir sonar, bróður, vinar. Laða þá að þínu föðurhjarta, svo að trúin græðt fái þeirra sorgar-sár, þeirra harmatár verði að svalandi daggar dropum, og af þeirri þirni-kórónu, er þú þreyngt hefur að höfði þeim, spretti þau blóm, er aldrei fölna. Lát endurminníng ens framliðna hjálpa til að binda hjörtu þeirra enn fastar við himininn, hjálpa til að gjöra sælunnar bústað ennþá girnilegri, enn þá dýrðlegri í augum þeirra. Veit hjörtum þeirra frið, og eins og þeir með bljúgu geði ástunda vilja á eptir þínum heilaga syni krossinn að bera, eins láttu þá líka af honum huggarann meðtaka, sem þú heitið hefur þínum trúuðu. Ó, því fremur vinir á jörðu fækka, því fremur fjölga þeir á himnum, látum oss þar fyrir ávalt glaðari, ávalt vonbetri í hæðir líta, með laungunarfullum hjörtum þángað hugsa, en þó jafnframt kappkosta að brúka þetta jarðneska líf svo hyggilega, ráðvandlega og guðrækilega, að það fái orðið oss uppspretta ævarandi heilla. Rètt oss ó guð, þína föður-hönd, svo vèr í lífi og dauða fáum haldið oss fast við þig! lát endurminníng þess, hve fallvalt þetta jarðneska líf er, en þó undireins áríðandi, alvarlega hvetja oss til þess, þannig að lifa, að vèr hyggnir verðum til sáluhjálpar. Amen.



H. S. E.

Fridericus Thorarensen

scholæ Reykjavikanæ alumnus,
qui anno ætatis 25to, scholasticæ mansionis 5to,
Idibus Februariis anni 1847 decessit.

Dum mors interfurit atrox
Juvenum flos necte coronas,
Intexeque lilia sertis!
Nam mors victoria certa est.

S. Egilsson.

þ: e:

Hèr er leiddur
Fridrik Thorarensen
lærisveinn Reykjavíkurskóla,
hann andaðist á 25. aldurs ári
en fimmta ári sinnar skóla dvalar
16da dag Febr. mán. 1847.

Geist þegar æðir
grimmur dauði,
æskumenn, hjá yður,
flèttið yður blómkerfi
úr fríðum rósum,
því dauðinn er sannur sigur.

I.

Saknaðarstef skólapilta
við lát
Friðriks Bjarnasonar.

1. Flýgur óðfluga
forlaga - ör
hlífir ei lífi
hárra nè smárra;
voldugra úr veldi
víkur ríku,
býr börnum hýrum
bráðan dauða.

2. Heyrið þèr meira!
hraustan, traustan,
úngan hvern dreingja
ósvífin þrífur;
gagnar ei magn
guma nje fimi,
hrökkva horskir rekkar,
hrynur fjöld vina.

3. Hvassa ör hvessir
höldum spillir alda,
eyða hyggst og deyða,
alla láta falla
Hvessi örvar hvassar
höldum spillir alda!
deyðir eigi dauði
djarfan lífsarfa.

4. Hvað ertu dauði?
Deyjanda æ,
helstunur hölda,
harmatár barma,
endurlausn andar,
unnusti kistu,
heimvon himinbarns,
hljómur guðs dóma.

5. Hèðan er Friðrik
heim til ljóss - geima
borinn úr vorum
barma sinna örmum.
Grátum ei látinn
góðan bróður!
sjá hann vèr fáum
hjá sólkonúngs - stóli.

6. Andinn því án enda,
ofar jörðu lifir
um aldir guðs alvalda
á armi, hvorfinn harmi;
hlýtur laun, er heitin
hjúum eru trúum,
nýtur dygða nota
náðum í á hæðum.

II.

1. Hníginn er Friðrik—
harmatárum
beiskum saknandi
bræður gráta.
Hníginn er Friðrik—
faðir, systur,
ástvinir sáran
söknuð bera.

2. Hníginn er Friðrik—
fjötur jarðar
brustu — en önd
er burtu svifin.
Hníginn er Friðrik—
himins - sælu,
unað æðstan,
úngur hrepti.

3. Gráttu því ei,
góður maður!
dáið úngmenni —
dáið ástmenni —
því vittu að sá
er sælli hinum,
fyrri heimkomu
er fagna átti.

4. En gættu að því
áður geingur hèðan
að eingi aldur
er óhultur,
að æskumanni
og aldurhnígnum
dauði jafn nærri
dapur stendur.

5. Gættu að því
hjá gröf þessari
að varbúnum ei
þèr vera hlýðir,
nè fresta því góða,
er gjöra máttu,
því fljótt kemur þar
þú fær ei starfað.

6. Gættu að þessu,
góður maður! —
hygðu vandlega
að vegi förnum —
gráta muntu þá
— ef gráta máttu —
líf þitt en ei
látinn ástvin.

M. G.

Lbs - Íslandssafn

100499750 - 1

